

Borgarráð Reykjavíkur
Heiða Björg Hilmisdóttir
Ráðhúsi Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Reykjavík, 28. apríl 2025

Efni: Beiðni um samþykki fyrir lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga ofh. vegna uppbyggingar endurvinnslustöðvar að Lambhagavegi 14.

Vísað er til erindis SORPU bs. dags. 6. desember 2024 vegna uppbyggingar á nýrri endurvinnslustöð að Lambhagavegi 14, Reykjavík.

Til upprifjunar þá var á 508. fundi stjórnar SORPU bs., sem haldinn var 6. nóvember 2024, samþykkt að leita heimildar eigendafundar Sorpu bs. fyrir uppbyggingu nýrrar endurvinnslustöðvar við Lambhagaveg 14. Gert var ráð fyrir að endurvinnslustöð með yfirbyggingu að hluta.

Á 52. fundi eigendavettvangs SORPU bs., sem haldinn var 18. nóvember 2024, var bókun stjórnar SORPU bs. staðfest en endanlegri ákvörðun var vísað til umræðu og afgreiðslu sveitarfélaganna.

Þann 6. desember 2024 voru erindi send til sveitarfélaganna í samræmi við ofangreint þar sem óskað var eftir umræðu og afgreiðslu. Niðurstöður sveitarfélaganna voru sem hér segir:

Reykjavíkurborg

- **Afgreiðsla 5767. fundar borgarráðs sem fram fór þann 19. desember 2024:**

Lagt er til að borgarráð samþykki tillögu eigendavettvangs Sorpu bs. um uppbyggingu nýrrar endurvinnslustöðvar við Lambhagaveg á grundvelli sviðsmyndar 1 og að framkvæmdin verði fjármögnuð með töku verðtryggðs láns til 30 ára að fjárhæð 1.332 m.kr. hjá Lánasjóði sveitarfélaga. Fjármögnun komi til endanlegrar samþykktar borgarstjórnar þegar nánari upplýsingar liggja fyrir um fyrirhugaða lántöku ásamt umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Kópavogsbær

- **Afgreiðsla 3956. fundar bæjarráðs sem fram fór þann 30. janúar 2025:**

Bæjarráð samþykkir með fjórum atkvæðum og hjásetu Theódóru S. Þorsteinsdóttur fyrirliggjandi tillögu um fjármögnun uppbyggingar nýrrar endurvinnslustöðvar við Lambhagaveg og byggir á sviðsmynd 1. Bæjarráð áréttar jafnframt bókun eigendafundar þar sem stjórn Sorpu bs. var hvött til þess að leita leiða til að lágmarka þá fjárhæð sem taka þarf að láni vegna framkvæmda á vegum byggðasamlagsins.

Hafnarfjarðarbær

- **Afgreiðsla 3671. fundar bæjarráðs sem fram fór þann 12. desember 2024:**

Bæjarráð samþykkir fyrirbyggjandi tillögu um fjármögnun uppbyggingar nýrrar endurvinnslustöðvar. Bæjarráð hvetur stjórn Sorpu bs. til að leita leiða til að lágmarka þá fjárhæð sem taka þarf að láni vegna framkvæmda á vegum byggðasamlagsins.

Garðabær

- **Afgreiðsla 2148. fundar bæjarráðs sem fram fór þann 17. desember 2024:**

Bæjarráð samþykkir fyrirbyggjandi tillögu um fjármögnun uppbyggingar nýrrar endurvinnslustöðvar. Bæjarráð áréttar jafnframt bókun eigendafundar að stjórn Sorpu bs. var hvött til þess að leita leiða til að lágmarka þá fjárhæð sem taka þarf að láni vegna framkvæmda á vegum byggðasamlagsins.

Mosfellsbær

- **Afgreiðsla 1651. fundar bæjarráðs sem fram fór þann 19. desember 2024:**

- Bæjarráð samþykkir með fimm atkvæðum fyrirbyggjandi tillögu um fjármögnun uppbyggingar nýrrar endurvinnslustöðvar við Lambhagaveg. Bæjarráð áréttar jafnframt bókun eigendafundar um hvatningu til stjórnar Sorpu bs. að leita leiða til að lágmarka þá fjárhæð sem taka þurfi að láni vegna framkvæmda á vegum byggðasamlagsins.

Seltjarnarnesbær

- **Afgreiðsla 996. fundar bæjarstjórnar sem fram fór þann 27. nóvember 2024:**

- Fundargerð 52. Eigendafundar SORPU bs lögð fram til samþykktar.
- *Eigendavettvangur staðfestir fyrir sitt leyti bókun stjórnar Sorpu bs. frá 6. nóvember sl. og að málið verði unnið áfram á grundvelli fyrirbyggjandi tillögu, en endanlegri ákvörðun er vísað til umræðu og afgreiðslu sveitarfélaganna. Stjórn og framkvæmdastjóra Sorpu bs. er falið að fylgja málinu eftir gagnvart sveitarfélögunum. Jafnframt er stjórn Sorpu bs. hvött til þess að leita leiða til að lágmarka þá fjárhæð sem taka þarf að láni vegna framkvæmda á vegum byggðasamlagsins.*
 - *Samþykkt*

Bæjarstjórn samþykkir afgreiðslu eigendafundar á lið 1. samhljóða.

Bæjarstjórn samþykkir fundargerð eigendafundar, sem er í 2 liðum, samhljóða.

Á grundvelli ofangreindra samþykktar sveitarfélaganna var uppbygging á endurvinnslustöð að Lambhagavegi 14 boðin út þann 14. mars sl. Upphaflegur tilboðsfrestur var 31. mars en eftir tvær óskir um framlengdan tilboðsfrest var fresturinn framlengdur um 10 daga og því var endanlegur tilboðsfrestur til 10. apríl 2025. Tilboðin voru opnuð sama dag.

Eftir yfirferð tilboða þá liggur fyrir að lánsfjárbörð vegna verkefnisins er 1.345 m.kr.

Lánið verður tekið í samræmi við framgang verksins og mun lánið því vera tekið í 3-4 hlutum. Hver útborgun verður með þeim lánaskilmálum sem bjóðast á þeim tíma sem lántakan fer fram.

Ábyrgðin skiptist milli eigenda SORPU bs. sem hér segir (miðað við höfuðstól að fjárhæð 1.345.000.000 kr. án verðbóta):

Sveitarfélag	Hlutfall	Fjárhæð
Reykjavík	55.79%	750,336,036 kr.
Kópavogur	16.10%	216,495,077 kr.
Hafnarfjörður	12.67%	170,454,728 kr.
Garðabær	8.09%	108,766,608 kr.
Mosfellsbær	5.51%	74,156,593 kr.
Seltjarnarnes	1.84%	24,790,957 kr.

Heildarkostnaður ræðst af þeim lánaskilmálum sem standa til boða þegar dregið er á lánið en sé miðað við lánakjörin í dag þá verður heildarkostnaður án verðbóta á bilinu 1.750-2.100 m.kr. og er þá m.v. vexti upp á 3,7-4.0%.

Meðfylgjandi eru drög á lánasamningum til bæði 14 og 30 ára.

Beiðni um afgreiðslu:

Óskað er eftir því að sveitarfélagið veiti samþykki sitt fyrir lántöku að fjárhæð 1.345 m.kr. vegna uppbyggingar á endurvinnslustöð að Lambhagavegi 14 og veiti framkvæmdastjóra sveitarfélagsins heimild til að skrifa undir nauðsynleg skjöl vegna lántökunnar.

Í samræmi við reglur Lánasjóð sveitarfélaga er óskað eftir því að meðfylgjandi tillaga frá LSS að bókun verði samþykkt.

Jafnframt óskum við eftir því að upplýsingar um afgreiðslu sveitarfélagsins berist í netfangið lovisa.jonsdottir@sorpa.is, eigi síðar en 9. maí nk. Sé frekari upplýsinga eða kynningar óskað á framangreindu skulu beiðnir þess efnis sendar á netfangið lovisa.jonsdottir@sorpa.is

Virðingarfyllst,



Jón Viggó Gunnarsson
framkvæmdastjóri SORPU bs.

Meðfylgjandi:

- Drög að lánssamning.
- Fundargerð 515. fundar stjórnar SORPU bs.